

## Íbúar Hvalfjarðarsveitar

Nú er komið að því að yfirfara slökkvitæki hjá íbúum Hvalfjarðarsveitar. Aðeins þau íbúðarhúsnæði sem eru skráð með fasta búsetu geta nýtt sér þessa þjónustu.

Dagana 19.10.2020 – 23.10.2020 verður tekið á móti slökkvitækjum til yfirferðar og hleðslu á þeim tækjum sem þörf er á. Hægt er að koma með þau á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar frá kl. 08:00-15:00.

Þau íbúðarhúsnæði sem voru byggð og flutt inn í eftir 2018 fá nýtt slökkvitæki afhent. Þeir sem vilja nýta sér það þurfa að láta vita dagana 19.10.2020 – 23.10.2020, með því að senda tölvupóst á netfang [hlynur@hvalfjardarsveit.is](mailto:hlynur@hvalfjardarsveit.is)

Eigendur geta sótt slökkvitækin sín þremur virkum dögum eftir að þeir hafa afhent þau á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar frá kl. 08:00-15:00.

Til að fá nánari upplýsingar er hægt að senda tölvupóst á [hlynur@hvalfjardarsveit.is](mailto:hlynur@hvalfjardarsveit.is)

*Bestu kveðjur  
Tæknideildin*